

Hagldir

Ég er að telja horn í höglid,
hagleiksmenntin burt er sigld.
Illugi deyddi tröllið Töglid,
trú' ég að vær'ún brúnayggld.

Í minjasafni Hinriks og Kolfinnu eru um 220 hagldir. Af þeim eru rúmlega eitt hundrað stakar eða lauslega paraðar, en 114 eru paraðar og bundnar í stigahandriði í Langagerði 21. Handriðshagldirnar skiptast þannig að 90 eru "venjulegar" tvígata, 8 "eineygðar", 6 eru hornhagldir, 4 jómfrúrhagldir og 6 hagldir eru úr hvalbeini.

Uppistaða í ofangreindu hagldasafni eru hagldakerfi, - kippur af lausum höglidum – frá tveim heimilum á Stokkseyri, Ranakoti og Grímsfjósum. Hvað Ranakot snertir má fullyrða að hagldirnar hafi verið geymdar ónotaðar að mestu frá því að Sigurður Hinriksson brá búi um 1930. Svipuðu máli kann að gegna um þær sem frá Grímsfjósum eru komnar, þær eldri eru vafalítið úr búskap Markúsar Þórðarsonar en Andrés Markússon hafi bætt við nýsmíði, sem síðan reyndist ekki þörf fyrir.

Algengasta efni í höglidum var viður, einkum eik, en þar að auki sauðfjárhorn, hvalbein, nautgripa – og hreindýrshorn. Mjög vinsælt efni á Suðurlandi voru tunnustafir úr eik. Það má síðan sjá á gripunum hversu handlagnir smiðirnir voru og hvort þeir höfðu auga fyrir laglegri áferð hversdagslegra hluta. Oft voru hagldirnar merktar með brennimarki eigandans þótt það væri fjarri því algilt, og voru þá notuð sömu brennimörk og við merkingar á hornum sauðfjár eða annars lausafjár. En um brennimörk á sauðfé og lausamunum eins og höglidum var ólíku saman að jafna. Hagldir gátu verið í notkun í áratugi, þær týndust, gleymdust, voru seldar með eða án reipa á uppboðum og með öðrum hætti, og nýir eigendur létu fyrri brennimörk eða aðrar merkingar vera eða bættu sínum við, reyndu að tálga þau gömlu af og þar fram eftir götunum. Ef litið er í markaskrár, en þar eru líklega bestu upplýsingar um brennimörk, verður ljóst að mikið vantaði á að allir eigendur fjármarka ættu einnig skráð brennimörk. Í mörgum tilvikum hafa þeir eflaust ekki átt þau til, í öðrum trassað að skrá þau einhverra hluta vegna. Hvernig svo sem því kann að vera varið þá kemur í ljós þegar umrætt safn er skoðað og borið saman við markaskrár að mörg brennimörk er erfitt að finna nema þá með nákvæmari og umfangsmeiri rannsókn. Allt um það eru eigendur margra markanna kunnir og með þessum inngangi fylgir listi yfir brennimörk á höglidum í Minjasafni Hinriks og Kolfinnu, og er skráðra eigenda getið þar sem líklegt er að fengist hafi upplýsingar um þá. Þær eru sóttar í markaskrár Árnassýslu og Rangárvallasýslu og eru tilvitnanir í skránar skammstafaðar MÁ eða MR með útgáfuártali þeirra. Loks verður getið annarra merkinga þegar ástæða er til, þó ekki skorumarka, sem eru nokkur og erfitt að túlka merkingu þeirra sannferðuglega.

Yfirlit þetta nær yfir hagldasafnið allt, þótt afhending þess hafi verið hlutakennd og hafi ekki öll farið fram.


5. mars 2006.

Hagldamerkingar

Brennimörk

AG	Ásmundur Gíslason, Gljókoti, Stokkseyrarhr. Andrés Guðmundsson, Syðri-Gróf, Villingaholtshr.	MÁ 1918 MÁ 1918
AG.J.	Eigandi óþekktur.	
AM	Andrés Markússon, Grímsfjósum, Stokkseyri	Óskráð
Aron	Guðmundur Aron Guðbrandsson, Merkigarði, Eyrarb.	MÁ 1918
GE	Gestur Eyjólfsson, Húsatóftum, Skeiðahr. Guðmundur Einarsson, Minni-Mástungu, Hrunam.hr. Gísli Einarsson, Bitru, Hraungerðishr. Guðmundur Egilsson, Galtalæk, Biskupstungnahr.	MÁ 1896 MÁ 1904 MÁ 1918 MÁ 1912
Hol(?)	Að verulegu leyti tálgað burt, en sennilega:	
Holt	Jón Jónsson, Holti, Stokkseyrarhr.	MÁ 1896
HP	Eigandi óþekktur, en	
H.P.	Hróbjartur Pétursson, Lambafelli, Austur-Eyjafjallahr.	MR 1912
Heðinn	Eigandi óþekktur.	
JENS	Eigandi óþekktur, aftasti stafur (S) snýr öfugt, en	
Jens	Jens Sigurðsson, Litlu-Háeyri, Eyrarbakkahr.	MÁ 1918
JON.LS	Eigandi óþekktur.	
Jón	Í MÁ 1918 eru 12 skráðir fyrir þessu brennimarki. Líklegt er að um annan tveggja sé að ræða: Jón Þórðarson, Traðarholti, Stokkseyrarhr. Jón Jónsson, Íragerði, Stokkseyrarhr.	

JJ	Jón Jónsson, Tjarnarkoti, Biskupstungnahr. Jón Jónsson, Klausturhólum, Grímsneshr. Jón Jónsson, Svínavatni, Grímsneshr. Jón Jónsson, Höfða, Hraungerðishr.	MÁ 1918 MÁ 1890 MÁ 1896 MÁ 1896
J Sig	Eigandi óþekktur.	
LSSS	Eigandi óþekktur.	
Markús	Markús Þórðarson, Grímsfjósum, Stokkseyrarhr.	MÁ 1918
Móhús	Eigandi óþekktur, en vafalaust Móhús á Stokkseyri, sbr. og MÁ 1883:	
J.J.S.Móhús	Jón Jónsson, Móhúsum, Stokkseyrarhr.	
MJ	Magnús Jónsson, Skálavík, Stokkseyrarhr.	MÁ 1927
OM	Ólafur Magnússon, Stóra-Dal, Vestur-Eyjafjallahr.	MR 1880
OSKAR ÓSKAR	Eigandi óþekktur, sjá þó: Óskar Eyjólfsson, Hvammi, Landmannahr.	MR 1912
Oskar M	Eigandi óþekktur	
OLAF	Eigandi óþekktur.	
ÓI S	Eigandi óþekktur.	
ÓS	Ólafur Snorrason, Einarshöfn, Eyrarbakkahr.	MÁ 1918
Páll	Páll Sigurðsson, Hrepp-Hólum, Hrunamannahr. Páll Guðmundsson, Spóastöðum, Biskupstungnahr. Páll Guðmundsson, Hjálmsstöðum, Laugardalshr. Páll Pálsson, Skinnastöðum, Eyrarbakkahr.	MÁ 1918 MÁ 1896 MÁ 1904 MÁ 1912
Páll J	Eigandi óþekktur.	
Reykjavík	Eigandi óþekktur.	
S_BOL	Eigandi óþekktur.	

S.Guðbr.	Sigurður Guðbrandsson, Litlutungu, Holtahr. Sigurður Guðbrandsson, Ási, Ásahr. Líkindi: Sigurður Guðbrandsson, Garðhúsum, Stokkseyrarhr.	MR 1899 MR 1906
SHS	Sigurður Hinriksson, Ranakoti, Stokkseyrarhr.	MÁ 1904
SJH	Eigandi óþekktur.	
SANDVÍK SKÁLAVÍK	eða Eigandi óþekktur.	
SKJT	Eigandi óþekktur.	
St I	Stefán Ingvarsson, Laugardalsh., Laug.	MÁ 1927
SJH	Eigandi óþekktur.	
SÆMI	Eigandi óþekktur.	
ÞS	Þorkell Steinsson, Skúfslæk, Villingaholtshr. Þorgils Sigurðsson, Skaftaholti, Gnúpverjahl.	MÁ 1918 MÁ 1918

Skornar(tálgaðar) merkingar.

AM	Andrés Markússon, Grímsfjósum, Stokseyri
MP	Markús Þórðarson, Grímsfjósum, Stokkseyri
OM	Eigandi óþekktur.
HS	“
VII	“
M	“
SJH	“